

Framboð til áframhaldandi setu í stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna

Sindri Reynisson

Ég er 48 ára verkfræðingur frá Háskóla Íslands og með meistarapróf í hagfræði frá KTH í Stokkhólmi. Ég hef starfað á fjármálamarkaði alla mína starfsævi, fyrst við þróun hugbúnaðar fyrir fjármálageirann og síðar við áhættustýringu.

Undanfarin 12 ár hef ég starfað hjá Landsbankanum við þróun áhættulíkana, lengst af sem forstöðumaður. Áður vann ég að sams konar verkefnum hjá Nordea í Stokkhólmi.

Ég hef verið stjórnarmaður í Lífeyrissjóði bankamanna undanfarin tvö ár og býð mig fram til áframhaldandi setu. Þau málefni lífeyrissjóðsins sem eru mér helst hugleikin eru eftirfarandi:

Tryggja góða áhættudreifingu

Góð áhættudreifing er nauðsynleg til að draga úr hættu á eignarýrnun vegna fjármálaáfalla sem kunna að verða í framtíðinni.

Ég legg áherslu á að auka vægi erlendra eigna í eignasafni Aldursdeildarinnar, með áhættudreifingu að leiðarljósi. Í Hlutfallsdeildinni, þar sem stór hluti sjóðfélaga hefur þegar hafið lífeyristöku, horfir málið öðruvísi við. Þar er nauðsynlegt að viðhalda varfærinni fjárfestingarstefnu sem byggir að mestu á áhættulitlum innlendum eignum.

Halda kostnaði niðri

Mikilvægur þáttur í því að ná góðri langtímaávöxtun er að halda kostnaði niðri. Lífeyrissjóður bankamanna er vel rekinn lífeyrissjóður en jafnframt ekki stór á íslenskan mælikvarða. Vegna smæðar sjóðsins er mikilvægt að leita stöðugt leiða til að reka sjóðinn með sem hagkvæmustum hætti og lágmarka rekstraráhættu.

Samrekstur með öðrum sjóðum gæti verið vænlegur kostur í því samhengi. Sömuleiðis tel ég að aukin notkun vísitölusjóða í stað sjóða með virkri stýringu geti dregið úr kostnaði án þess að koma niður á ávöxtun sjóðsins.

Nái ég kjöri mun ég leggja mig fram um að gæta hagsmuna Lífeyrissjóðs bankamanna og sjóðfélaga hans af heilindum og fagmennsku.